

## **Minnisblað**

**Til: Bæjarráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar**

**Frá: Sigríði Kristinsdóttur bæjarlögmanni.**

**Dags: 6. október 2020**

**Efni: Tillaga að afslætti fasteignaskatts til tekjulágra einstaklinga eða fjölskyldna**

---

### **Álitaefni:**

Að beiðni bæjarráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar er óskað álits bæjarlögmanns á því hvort heimilt sé að veita afmörkuðum hóp tekjulágra einstaklinga eða fjölskyldna í Hafnarfirði afslátt af fasteignaskatti á fjárhagsárinu 2021.

### **Almennt:**

Í stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944 segir um skatta: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.“ „Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.“ Um álagningu eða ívilnun fasteignaskatts af hálfu opinberra aðila fer eftir settum lögum.

### **Laga og reglugerðarákvæði:**

Um álagningu fasteignaskatta er kveðið á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Meginreglan er sú skv. 3. gr. laganna að leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati. Sveitarstjórn annast álagningu fasteignaskatts, sbr. 4. gr. laganna og skal álagning skattsins fara fram, skv. II. kafla laga um tekjustofn sveitarélaga nr. 4/1995.

Í 5. gr. laganna koma fram lögbundnar undanþágur frá framkvæmd álagningar fasteignaskatts.

Sveitarstjórn er aðeins heimilt að lækka eða fella niður fasteignskatt skv. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Þar segir:

„Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Skýlt er sveitarstjórn að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis, svo sem um tekjumörk, tekjuflokka og hvort lækkun er í formi fastrar krónutölu eða hlutfalls af fasteignaskatti.“

Lagaramminn gerir því ekki ráð fyrir heimildum umfram hér greinda heimild til lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatta.

Um er að ræða tæmandi talningu undanþágu tilfella í 5. gr. laganna.

Ber sveitarstjórn því lagaskylda til að leggja fasteignaskatt á allar fasteignir skv. II. kafla laga um tekjustofn sveitarélaga nr. 4/1995, eins og þar er ákvarðað, nema um sé að ræða lögbundna undanþágu.

Í þessu samhengi má einnig vísa til umfjöllunar í skýringum 4. gr. frumvarps frá árinu 2005 til breytingar á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem lögð var áhersla á þá meginreglu að ívilnun sveitarfélaga verði framvegis í formi styrkveitinga til greiðslu fasteignaskatts.

Í stað heimilda til niðurfellingar eða lækkunar fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. gildandi laga er lagt til að ívilnanir sveitarstjórna verði framvegis í formi styrkveitinga til greiðslu fasteignaskatts. Slík ívilnun verði heimil ef um er að ræða starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem vegna menningar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstarfa. Einnig er lagt til, í samræmi við skýrslu undanþágunefndar, að sveitarstjórnnum verði gert skylt að setja reglur um beitingu þessarar heimildar. Þessi breyting mun meðal annars gera sveitarfélögum auðveldara að leiða fram í bókhaldi raunverulegar tekjur af fasteignaskatti og kostnað sem hlýst af niðurfellingu og afslætti. Jafnframt verði allar ívilnanir gagnvart gjaldendum sýnilegri og með því á að vera betur tryggt að fyllsta jafnræðis sé gætt við álagningu og innheimtu skattsins.

Í 3. mgr. er þó lagt til frávík frá fyrrgreindri meginreglu varðandi elli- og örorkulífeyrisþega. Ástæða þess að áfram er gert ráð fyrir lækkunarheimild til þessa hóps er að skylt væri að gefa upp til tekjuskatts beinar styrkveitingar til aldraðra og öryrkja sem meðal annars gæti haft áhrif á rétt einstaklinga til tekjutryggingar o.fl.

#### **Niðurstaða:**

Varðandi álitaefti þetta, þá verður ekki séð að lagastoð sé fyrir veitingu sérstaks afsláttar af hálfu sveitarfélagsins til tekjulágra einstaklinga eða fjölskyldna á næstkomandi fjárhagsári.